

Íslandslax hf.

2005070072
6602; 9310

Jón Kjartan Jónsson
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 31. janúar 2007
/--

Efni: Sjókvíaeldi á laxi, allt að 1000 tonn á ári, fyrir utan Ystu-Vík, Grýtubakkahreppi í Eyjafirði. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Íslandslax hf. dags. 16. nóvember 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt sjókvíaeldi á laxi, allt að 1000 tonn á ári, fyrir utan Ystu-Vík, Grýtubakkahreppi í Eyjafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grýtubakkahrepps, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landbúnaðarstofnunar/dýralæknir fisksjúkdóma og veiðimálastjórn, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grýtubakkahreppi með bréfi dags. 5. desember 2006, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 8. desember 2006, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 12. desember 2006, Landbúnaðarstofnun/dýralækni fisksjúkdóma með bréfi dags. 29. nóvember 2006 og veiðimálastjórn með bréfum dags. 30. nóvember og 20. desember 2006, Siglingastofnun með bréfi dags. 4. desember 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. desember 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Íslandslaxi hf. með bréfum dags. 12. og 14. desember 2006 og 10. janúar 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Íslandslax hf. hyggst reka sjókvíaeldi í Eyjafirði og ala smálax af laxastofni frá Stofnfiski hf. (*Mowi, Bolaks*) sem notaður hefur verið í eldi hér á landi um 20 ára skeið og hefur hlotið íslenska nafnið Saga. Miðað er við 1.000 tonna framleiðslu af eldisfiski á ári í tveimur kvíaþyrpingum og er gert ráð fyrir allt að tveggja ára eldislotum á hvorri staðsetningu. Þannig verði slátrað 1.000 tonnum úr annarri kvíaþyrpingunni annað hvert ár á meðan hin nýtist til fóðrunar á smálaxi. Gert er ráð fyrir að hámarks lífmassi verði samtals 1500

tonn áður en slátrun hefst eða um 1000 tonn í þeirri kví sem slátrað verður úr og um 500 tonn í þeirri kví sem verið er að ala seiði.

Fyrirhugað er að nota samsvarandi eldisbúnað og Sæsifur hf. notar í Mjóafirði, þ.e. plastkvíar í tveimur þyrpingum, festar með tógrömmum með 70 m á milli kvía og að hámarki 8 kvíar í hvorri þyrpingu. Sæsifur hf. og Íslandslax hf. eru að stærstum hluta í eigu Samherja hf. Kvíarnar verða tæplega 400 m frá landi við Ystu-Vík, þar sem sjávardýpi er um 43 m og um 1 km frá landi við Stapa, þar sem sjávardýpi er um 41 m. Fjarlægð milli kvíaþyrpinga er áætluð 3,7 km og fjarlægð frá ósum Fnjóskár er um 6,3-7,3 km. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að kvíarnar verði utan aðal siglingaleiða í Eyjafirði. Óskað er eftir að helgunarsvæði í kringum þær verði með um 40-50 m radíus til þess að minnka áhrif vegna umferðar, til öryggis vegna eldisbúnaðarins og sæfarenda og til að koma í veg fyrir skemmdir sem geta valdið því að lax sleppi.

Í tilkynningu er gerð grein fyrir haffræði Eyjafjarðar svo sem straumum, seltu, eðlisþyngd sjávar, næringarefnum og súrefnismettun. Einnig er fjallað um botndýralíf, eitraða svifþörungur, fisk og fiskveiðar, ís og ísrek, burðarþol og ákomu næringarefna í vatnsfasann.

Áhrif af mengun frá lífrænum úrgangi á burðarþol og lífríki. Gert er ráð fyrir að hvor kvíaþyrping verði færð til um nokkur hundruð metra eftir hverja eldislotu til að tryggja að hvert eldissvæði verði hvílt vegna hugsanlegrar uppsöfnunar lífrænna efna. Fóðurnotkun miðast við 1,1 kg fódurs á hvert kg af framleiddum laxi og að gera megi ráð fyrir að 2% af fóðrinu fari til spillis. Að auki er gert ráð fyrir að um það bil 11% af orku þess fódurs sem fiskurinn étur tapist í umhverfið í formi þvags og um það bil 18% í formi saurs. Háorkufóður innihaldi um það bil 44% prótein og 38% fitu. Fóðruninni verður stjórnað úr fóðurprömmum með hjálp tölvustýrðs blásturskerfis sem blæs fóðrinu úr lestum prammanna út í kvíarnar gegnum rör sem fljóta á sjónum.

Áhrif á sjúkdóma og erfðablöndun. Fram kemur að allur fiskur verður bólusettur áður en hann er færður í sjókvíar til þess að minnka hættu á sjúkdómum, draga úr smitmögnun og fúkkalyfjanotkun. Fram kemur að fjarlægðin frá ósum Fnjóskár, sem er laxveiðiá með meðalveiði upp á 240 laxa á ári mælt frá 1974 til 2004, sé um 6,3 - 7,3 km í loftlínu mælt eftir kortum. Samkvæmt gr. 4.2 í reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fiskisjúkdómum og blöndun laxastofna skal miða við að sjókvíastöðvar séu ekki nær laxveiðiá með yfir 100 laxa meðalveiði s.l. 10 ár en 5 km, miðað við loftlínu. Fjarlægðin milli kvíaþyrpinganna er áætluð 3,7 km en samkvæmt gr. 4.2 í framangreindri reglugerð skal fjarlægðin ekki vera minni en 2 km.

Áhrif á náttúruminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fjarlægð frá friðlýstum hverastrýtum á sjávarbotni verði minnst 1,9 km.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin er utan netlaga og þar með utan marka sveitarfélaga.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Grýtabakkahreppur, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Landbúnaðarstofnun/dýralæknir fisksjúkdóma og Siglingastofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Landbúnaðarstofnun, veiðimálastjórn, bendir á nýlega úttekt á verðmætum stangveiðinnar á Íslandi og að kapp verði að leggja á að verja stangveiðina gagnvart neikvæðum áhrifum. Einnig er bent á að framleiða á fimmfalt meira en áður hefur verið heimilað á þessum stað og lífmassi verði margfaldur. Því telji stofnunin óhjákvæmilegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af Lenka-viðtakamati og núverandi eldi í Eyjafirði að ekki séu líkur á að framkvæmdin valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum m.t.t. mengunar en hins vegar skorti umfjöllun um slysaleppingar bæði m.t.t. sjúkdóma og erfðamengunar. Bent er á hættu sem ísrek kunnir að skapa í þessu sambandi.

Í svörum Íslandslax hf. kemur fram varðandi hugsanleg áhrif ísreks á sjókvíarnar og áhrif þess á slysaleppingar muni verklagsreglur hjá Sæsilfri hf. í Mjóafirði verða aðlagðar og yfirfærðar á fyrirhugaða framkvæmd. Í þeim sé m.a. fjallað um viðbrögð við rekis, ísingu á búnaði og hafís. Á þeim tæplega 20 árum sem eldi var stundað við Ystu-Vík hafi einu sinni orðið vart við ísrek sem kom frá ósum Hörgár, olli það engum skaða og ekki þurfti að bregðast við með neinum hætti. Ljóst sé að sá búnaður sem notaður er í dag þoli margfalt meira ísrek og aðrar erfiðar aðstæður en það sem notað var á þeim tíma.

Áhrif af mengun frá lífrænum úrgangi á burðarþol og lífríki. Hafrannsóknastofnunin bendir á að fyrirtækið hafi látið framkvæma sérstakar umhverfisathuganir svo sem straummælingar og botndýrarannsóknir. Niðurstöður bendi til þess að sjávarstraumar séu hagstæðir fyrir fiskeldið og því hverfandi líkur á að eldið valdi súrefnisþurrð í vatnsmassanum. Ríkjandi straumar séu út fjörðinn sem beri næringarefni út úr honum. Ekki sé hægt að útiloka að lífrænn úrgangur valdi staðbundnum áhrifum á botndýralíf undir kvíum en fyrirtækið muni lágmarka þau með því að færa kvíar til um nokkur hundruð metra eftir hverja eldislotu. Með tilliti til staðsetningar, umfangs fyrirhugaðs eldis og fyrirliggjandi gagna verði að teljast litlar líkur á alvarlegum áhrifum á umhverfið.

Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningu framkvæmdaraðila sé vísað til flokkunar viðtaka skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og að af fyrirliggjandi gögnum megi ráða að umrætt hafsvæði eigi að flokkast undir síður viðkvæman viðtaka samkvæmt reglugerðinni. Samkvæmt ákvæðum OSPAR samningsins, sem Íslendingar séu aðilar að, skuli flokka hafsvæði m.t.t. næringarefnaauðgunar (eutrophication). Hafsvæðið við Ísland hafi verið skilgreint sem “non-problem” svæði (a non-problem area with regard to eutrophication). Með tilliti til framangreinds telji Umhverfisstofnun að framvegis skuli ekki eingöngu nýta ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ við mat á áhrifum fiskeldis á viðtakann heldur þurfi að meta heildaráhrif þ.m.t. hver þynningin verði og uppsöfnun næringarefna.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um Lenka-viðtakamat og núverandi eldi í Eyjafirði telur Umhverfisstofnun að ekki séu líkur á að laxeldi í Ystu-Vík valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum m.t.t. mengunar.

Áhrif á sjúkdóma. Landbúnaðarstofnun, dýralæknir fisksjúkdóma, telur að laxeldi af þeirri stærðargráðu sem fyrirhugað er muni ekki hafa nein neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í vistkerfi Eyjafjarðar og nágrennis.

Að mati Umhverfisstofnunar er lítil sem engin umfjöllun um hugsanleg áhrif slysasleppinga á laxveiðiár hvað varðar sjúkdóma og hvernig brugðist verður við.

Áhrif á erfðablöndun. Landbúnaðarstofnun, veiðimálastjórn, bendir á að þótt árleg framleiðsla teljist vera 1000 tonn geti hámarks lífmassi í kvíum rétt fyrir slátrun verið allt að 1500 tonn. Fjarlægð sjókvíastöðvarinnar frá ósum Fnjóskár, sem er mikilvægasta laxveiðiá við Eyjafjörð, verði um 7 km en um það bil 100 km séu í laxveiðiár við Skjálfanda og um það bil 200 km að laxveiðiám við Húnaflóa. Fram komi í tilkynningu framkvæmdaraðila að búið sé að veita heimildir fyrir eldi á yfir 3000 tonnum af ýmsum fisktegundum við Eyjafjörð, þar af um 400 tonnum af laxi og bleikju en samkvæmt gögnum Landbúnaðarstofnunar hafi engin sjókvíastöð í Eyjafirði gilt rekstrarleyfi fyrir lax eða bleikju. Framkvæmdaraðili bendi réttilega á að samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er óheimilt, er Eyjafjörður ásamt hluta Vestfjarða og Austfjarða undanskilinn. Þessi ákvörðun hafi verið byggð á því faglega mati að tiltölulega fáar laxveiðiár eru á Eyjafjarðarsvæðinu vegna brattrar fjalla líkt og gerist á Vestfjörðum og Austfjörðum en geti ekki talist staðfesting á því að Eyjafjörður henti sérlega vel til laxeldis eins og gefið sé í skyn í tilkynningunni. Jafnframt verði að líta til þess, þrátt fyrir ofangreinda auglýsingu, að náttúrulegar aðstæður á hverjum stað gefa mismikið svigrúm til að framleiða lax með tilliti til aðstæðna á hverjum stað og nálægðar við veiðivötn. Landbúnaðarstofnun bendir á að nýlega (2004) hafi verið gerð úttekt á verðmætum stangaveiðinnar á Ísland sem leiddi í ljós að beinn afrakstur af greininni sé allt að 2,1 milljarður en allt að 9 milljarðar þegar óbeinar og afleiddar tekjur eru taldar með. Sé eingöngu litið til beinna tekna séu verðmætin um það bil 70 þúsund krónur á hvern veiddan lax miðað við árlega meðalveiði. Nauðsynlegt sé að leggja kapp á að verja þessa miklu hagsmuni gagnvart neikvæðum áhrifum. Með hliðsjón af framansögðu, ásamt því að magn sem framleiða á í hinni nýju stöð verði fimmfalt miðað við það sem áður hafði verið heimilað (200 tonn til 25/10 2005) og bíómassi margfaldur, teljist óhjákvæmilegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum þessarar starfsemi gagnvart veiðihagsmunum í Eyjafirði og nálægum flóum og fjörðum, sem eru eingöngu í 100-200 km fjarlægð. Þyrfti þetta að vera einskonar áhættumat sem tæki tillit til þess magns sem líklegt er að slyppi út, t.d. miðað við erlenda reynslu og líklegra afdrifa þeirra laxa sem lifa af sjávardvölinu. Einnig væri eðlilegt að fram kæmi arðsemi laxeldis miðað við aðstæður í Eyjafirði og þá möguleika á arðsemi sem fyrir hendi séu, til að hefja starfsemi með minna magn, t.d. 400-500 tonn. Bent er á að mikilvægar upplýsingar tengdar slíku mati á umhverfisáhrifum sé að finna í matsskýrslu Samherja hf. vegna laxeldis í Reyðarfirði, sem þurfi að uppfæra og aðlaga að staðháttum við Eyjafjörð.

Í svörum Íslandslax hf. er vísað til skýrslu Samherja (2002) um laxeldi í Reyðarfirði. Bent er á að í niðurstöðum sérfræðiskýrslna um hugsanleg áhrif eldislaxa á náttúrulega laxastofna, komi fram að þegar lax sleppi úr sjókvíum geti hann leitað sem kynþroska fiskur upp í laxveiðiár í nágrenninu, yfirleitt innan við 10 km frá þeim stað sem hann var alinn í kvíum.

Framkvæmdaraðili telur það því óraunhæfa kröfu að mat á umhverfisáhrifum verði gert gagnvart veiðihagsmunum í flóum og fjörðum í 100-200 km fjarlægð frá staðsetningu fyrirhugaðra

eldiskvía. Allur búnaður muni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum. Frá árinu 2000 hafa u.þ.b. 5.000.000 laxar verið aldir í sjó á vegum félagsins og hafa á þessum tíma aðeins u.þ.b. 2.900 laxar sloppið eða u.þ.b. 0,06%. Eldislax sem aðlagður sé að eldisumhverfi hafi minni lífsþrótt í náttúrunni en villtir laxastofnar og því ekki líklegt að hann lifi sjávardvölinu af í mörgum tilfellum. Framlag kynbættra eldislaxa við hrygningu sé minna en náttúrulegra laxa, m.a. vegna afbrigðilegs atferlis og lakari hrognagæða. Fram kemur að þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á að erfðæfni kvíalaxa blandist erfðæfni náttúrulegra laxa, séu takmarkaðar rannsóknir til sem sýni langtímabreytingar á erfðæfni náttúrulegra stofna vegna hrygningar kvíalaxa og ekki hafi verið sýnt fram á neikvæð langtímaáhrif erfðablöndunar. Með kynbótum hafi eldislaxar öðlast minni hæfni til að lifa og fjölga sér við náttúrulegar aðstæður og auknar kynbætur í framtíðinni muni því draga úr líkum á að eldislaxar geti valdið tjóni hjá náttúrulegum laxastofnum. Það sé mat framkvæmdaraðila að rannsóknir á borð við langtímaáhrif erfðablöndunar á náttúrulega laxastofna rúmist ekki innan ramma mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Rannsóknir á þessu sviði hafi verið stundaðar í yfir 20 ár og það eina sem nú sé hægt að fullyrða sé að ekki hafi tekist að sýna fram á með afgerandi hætti að eldislax hafi skaðleg áhrif á náttúrulega villta stofna. Telur framkvæmdaraðili því að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar þessarar muni ekki skila neinum nýjum upplýsingum um langtímaáhrif erfðablöndunar á náttúrulega laxastofna.

Íslandslax hf. bendir á að mat á arðsemi laxeldis sé á ábyrgð framkvæmdaraðila, sem leggur eigið fjármagn í framkvæmdina og nauðsynlegt sé að ná stærðarhagkvæmni í eldið vegna þess hve stór hluti kostnaðarins sé fastur kostnaður, óháður stærð eldisins. Áréttað er að það sé metnaður framkvæmdaraðila að koma í veg fyrir slysasleppingar og starfa í samvinnu við aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Að mati hans hafi tekist ágætlega að halda tíðni slysasleppinga niðri í sjókvíaeldi á Íslandi hingað til. Slyseti hent en allt sé gert til að minnka líkurnar á því með fyrirbyggjandi aðgerðum, hæfu starfsfólki og góðum búnaði.

Í frekari umsögn Landbúnaðarstofnunar, veiðimálastjórn, kemur fram að unnt sé að fallast á ýmis atriði í athugasemdum Íslandslax hf., t.d. að ekki sé hægt að kanna langtímaáhrif erfðablöndunar milli ólíkra stofna í mati á umhverfisáhrifum og því verði að byggja á niðurstöðum erlendis frá. Hinsvegar sé nokkur tími liðinn frá því að unnið var mat á umhverfisáhrifum vegna laxeldis Samherja í Reyðarfirði og full ástæða til að endurskoða þær upplýsingar og betrumbæta. Hvað varði slysasleppingar hjá laxeldisstöð Samherja í Mjóafirði sé óhætt að fagna því að lítið hafi orðið vart við eldislax í veiðiám vegna þeirrar starfsemi, ef frá eru taldir 9 örmerktir og ómerktir laxar, sem komu fram í laxveiðiám á Austurlandi í kjölfarið á slysi er 2900 laxar sluppu úr geymslukví við sláturhús á Norðfirði árið 2003. Umræddir laxar höfðu þá gengið frá Norðfirði í Vopnafjörð, um 140 km leið, á mjög skömmum tíma. Ekki sé hægt að fullyrða að eingöngu 0,06% af þeim lögum sem aldir hafi verið í Mjóafirði hafi sloppið úr kvíum og upplýsingar erlendis frá bendi til þess að sú tala sé sennilega mun hærri. Fram kemur að eðlilegt sé að viðhafa varúðarregluna sem Ísland hefur undirgengist, m.a. innan vébanda Laxaverndunarstofnunarinnar (NASCO). Þær takmarkanir sem settar hafi verið á sjóeldi laxfiska á stórum svæðum við landið ýti einnig á að varlega sé farið á aðliggjandi svæðum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að lítil sem engin umfjöllun sé um hugsanleg áhrif slysasleppinga á laxveiðiár hvað varðar erfðamengun og hvernig brugðist verður við.

Áhrif á náttúruminjar. Umhverfisstofnun bendir á að friðlýstar hverastrýtur séu í aðeins 1,9 km fjarlægð frá fyrirhugaðri staðsetningu sjókvíanna og nái annars vegar upp á u.þ.b. 33 m og hins vegar upp á u.þ.b. 15 m dýpi en sérstaða strýtanna felist að miklu leyti í því hvað hæð þeirra er óvenju mikil, 65 m botndýpi. Sjókvíarnar verði um 28 m djúpar og því sé ljóst að ef kvíarnar losni, t.d. vegna ísreks, geti þær hugsanlega skaðað strýturnar.

Í svörum Íslandslax hf. kemur fram að allur búnaður muni uppfylla kröfur um þol á hámarks straumhraða, ölduhæð, vindstyrk og ísingu svæðisins skv. reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum. Því telji framkvæmdaraðili litlar líkur á að kví geti losnað vegna t.d. ísreks. Vakt muni verða á svæðinu alla daga ársins. Ef svo vildi til að kví losni muni framkvæmdaraðili gera allt sem í hans valdi stendur til að ná henni aftur. Straumar liggi út fjörðinn austan megin, þar sem fyrirhugaðar kvíar muni verða, en inn hann vestan megin þar sem hverastrýturnar sé að finna. Mestar líkur á að kví losni og ekki reynist unnt að ná henni aftur, séu í verstu vetrarveðrum en skv. upplýsingum frá Veðurstofu Íslands sé ríkjandi vindátt þá að norðvestan og því verði að teljast líklegra að lausa kví reki inn fjörðinn og/eða að ströndinni austan megin en ekki í norðvestur í átt að hverastrýtunum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Íslandslax hf. hyggst reka sjókvíaeldi í Eyjafirði og ala smálax af laxastofni frá Stofnfiski hf. (*Mowi, Bolaks*) sem notaður hefur verið í eldi hér á landi um 20 ára skeið og hefur hlotið íslenska nafnið Saga. Miðað er við 1.000 tonna framleiðslu af eldisfiski á ári í tveimur kvíaþyrpingum með að hámarki 8 kvíar í hvorri þyrpingu. Kvíarnar verða annars vegar tæplega 400 m frá landi við Ystu-Vík, þar sem sjávardýpi er um 43 m og hins vegar um 1 km frá landi við Stapa, þar sem sjávardýpi er um 41 m. Gert er ráð fyrir að slátrað verði 1.000 tonnum úr annarri kvíaþyrpingunni annað hvert ár á meðan hin nýtist til fóðrunar á smálaxi, en hámarks lífmassi geti orðið 1500 tonn áður en slátrun hefst. Gert er ráð fyrir að fóðurnotkun verði um 1,1 kg fóðurs á hvert kg af framleiddum laxi og að 2% af fóðrinu fari til spillis. Að auki er gert ráð fyrir að um það bil 11% af orku þess fóðurs sem fiskurinn étur tapist í umhverfið í formi þvags og um það bil 18% í formi saurs. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif mengunar frá lífrænum úrgangi á burðarþol og lífríki í Eyjafirði. Skipulagsstofnun bendir á það mat Umhverfisstofnunar að með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um burðarþol og núverandi eldi í Eyjafirði séu ekki líkur á að laxeldi í Ystu-Vík valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum með tilliti til mengunar. Hafrannsóknastofnunin telur litlar líkur á að framkvæmdin hafi alvarleg áhrif á umhverfið með tilliti til staðsetningar, umfangs fyrirhugaðs eldis og fyrirliggjandi gagna. Skipulagsstofnun telur í ljósi framangreindra umsagna að ekki séu líkur á að áhrif mengunar vegna framkvæmdarinnar á burðarþol og lífríki sjávar í Eyjafirði verði veruleg.

Áhrif á sjúkdóma. Að mati Landbúnaðarstofnunar, dýralæknis fiskisjúkdóma, mun laxeldi af þeirri stærðargráðu sem fyrirhugað er, ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í vistkerfi Eyjafjarðar og nágrennis. Umhverfisstofnun telur að

ekki sé nægilega fjallað um sjúkdóma. Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Landbúnaðarstofnunar, dýralæknis fisksjúkdóma, að vegna takmarkaðrar stærðar laxeldisins séu ekki líkur á að framkvæmdin muni hafa veruleg neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í vistkerfi Eyjafjarðar og nágrennis. Skipulagsstofnun vill þó benda á að óvissa hljóti að vera fyrir hendi hvað varðar þætti tengda sjúkdómum og verði að taka mið af því þegar verið er að skipuleggja svæði til fiskeldis.

Áhrif á erfðablöndun. Í umsögnum hefur komið fram að ekki liggi fyrir miklar upplýsingar um hugsanlega erfðamengun vegna fyrirhugaðs eldis við Ystu-Vík. Umhverfisstofnun bendir í því samband á áhrif slysasleppinga, m.a. vegna ísreks, á erfðamengun í laxveiðiám.

Landbúnaðarstofnun, veiðimálastjórn, bendir á að fyrirhugað sé að ala fimmfalt meira magn af laxi úti fyrir Ystu-Vík en áður hafi verið heimilað þar. Meta þurfi áhrif þess magns af laxi sem líklegt sé að sleppi úr sjókvíum, t.d. miðað við erlenda reynslu og líklegra afdrifa þeirra laxa sem lifa af sjávardvölinna.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur framkvæmdaraðili lagt fram upplýsingar sem sýna að litlar líkur séu á að sjókvíum við Ystu-Vík stafi hætta af ísreki sem geti leitt til þess að lax sleppi. Skipulagsstofnun telur ljóst að til staðar séu óvissuþættir um áhrif þeirrar starfsemi sem hér um ræðir á erfðamengun af völdum laxeldis. Framkvæmdaraðili hefur bent á að samkvæmt skýrslu Samherja hf. vegna laxeldis í Reyðarfirði hafi eldislax sem aðlagður sé að eldisumhverfi minni lífsþrótt í náttúrunni en villtir laxastofnar og framlag kynbættra eldislaxa við hrygningu sé minna en náttúrulegra laxa. Ennfremur hefur framkvæmdaraðili bent á að takmarkaðar rannsóknir séu til sem sýni langtímabreytingar á erfðafni náttúrulegra stofna vegna hrygningar kvíalaxa og ekki hafi verið sýnt fram á neikvæð langtímaáhrif erfðablöndunar. Landbúnaðarstofnun, veiðimálastjórn, hefur bent á að full ástæða sé til að endurskoða þær upplýsingar sem fram komu í skýrslu Samherja hf. um áhrif af völdum laxeldis á erfðamengun í villtum stofnum.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt gögnum Landbúnaðarstofnunar, veiðimálastjórn, hefur engin sjókvíastöð í Eyjafirði gilt rekstrarleyfi fyrir lax eða bleikju og því hafi umrætt eldi, meðan svo er, ekki samlegðaráhrif með tilliti til sjúkdóma eða erfðamengunar á því svæði. Skipulagsstofnun telur þrátt fyrir það að ástæða sé til að gæta fyllstu varúðar við laxeldið og m.a. þurfi að afla vitneskju um farleiðir laxa er kunna að sleppa frá eldissvæðinu. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki raunhæft vegna þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir að lagt verði í umfangsmiklar rannsóknir á almennum áhrifum sjókvíaeldis á lífríki í straumvatni. Skipulagsstofnun hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að fram fari rannsóknir á áhrifum sjókvíaeldis á lífríki í straumvatni, þ.m.t. vegna erfðamengunar og sjúkdóma og að mörkuð verði heildarstefna um sjókvíaelði í einstökum fjörðum og við Ísland. Þær rannsóknir og sú stefnumótun þarf hins vegar að fara fram á öðrum vettvangi en við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda og krefst samvinnu þeirra aðila sem koma að málaflöknum. Skipulagsstofnun telur ennfremur að setja þurfi almenn skilyrði um langtímavöktun og rannsóknir í leyfi til fiskeldis.

Áhrif á náttúruinjar. Umhverfisstofnun hefur bent á að ef sjókvíarnar losni geti þær hugsanlega valdið skaða á friðlýstum hverastrýtum sem eru í tæplega 2 km fjarlægð frá eldisstað. Skipulagsstofnun telur að verði staðið að framkvæmdinni eins og framkvæmdaraðili lýsir, þ.e. við val á búnaði og tilhögun rekstrar í ljósi hagsmuna sem eru í húfi og í ljósi upplýsinga um

verstu veðuraðstæður, að ekki séu verulegar líkur á að framkvæmdin kunni að skaða friðlýstar hverastrýtur á botni Eyjafjarðar.

Niðurstaða

Í ljósi þeirra gagna sem lögð hafa verið fram af Íslandslax hf. við málsmeðferð og umsagna um þau telur Skipulagsstofnun ólíklegt að málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum muni bæta frekari upplýsingum við sem nauðsynlegar geti talist til ákvarðanatöku um umhverfisáhrif fyrirhugaðs fiskeldis við Ystu-Vík í Eyjafirði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslandslax hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Íslandslax hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjókvíaeldi á laxi, allt að 1000 tonn á ári, fyrir utan Ystu-Vík, Grýtubakkahreppi í Eyjafirði sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi Landbúnaðarstofnunar skv. reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. mars 2007.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Grýtubakkahreppur, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Landbúnaðarstofnun/dýralæknir fisksjúkdóma og veiðimálastjórn, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.